

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 5. mars 2024
UST202402-052/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir Gráhelluhraun í Hafnarfirði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 5. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Gráhelluhraun í Hafnarfirði.

Í greinargerð kemur fram markmið deiliskipulagsins er að bæta aðgengi að skóginum í Gráhelluhrauni, en hann hentar mjög vel til útivistar. Tillagan gerir ráð fyrir göngu- og reiðleiðum um og við skóginn, bílastæðum, áningarstöðum með skiltum, leikvöllum með góðum tengingum við umhverfið í kring ásamt því að leysa skörun göngu- og reiðleiða.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að stór hluti svæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en fram kemur að ekki er gert ráð fyrir að raska hraunmyndunum. Umhverfisstofnun leggur til að ekki séu sett ströng skilyrði um breidd stíga og aðalstígurinn geti verið allt að þrjú metrar eins og náttúrustígar sem geta verið allt að 1,2 metrar að breidd til að vernda hraun á svæðinu.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur